

Nýraunsæi '68-kynslóðarinnar 1970–1985

Póstmóðernismi í uppsiglingu!

___%

Nú erum við að nálgast síðasta bókmenntatímabil 20. aldar. Það er eiginlega hálfgerður hrærigrautur mismunandi stefna. Hvernig byrjar þá þessi hrærigrautur?

Nú bið ég þig, ágæti nemandi, að taka saman þær samfélagslegu hræringar sem verða á tímabilinu 1965–1975. Það er svo margt sem hefur áhrif á líf fólks á þessum tíma og þá um leið áhrif á bókmenntirnar.

Lestu vel samfélagskaflann 1970-1985 í bókmenntasögunni og svo er upplagt að skoða ýmsar aðrar bækur, t.d. bók Illuga Jökulssonar *Ísland í aldanna rás*. Einnig eru bækurnar sem heita *Öldin okkar* góðar til síns brúks. Svo er náttúrliga hægt að fara inn á vefinn og skoða hvað þar er að finna. Einnig og ekki síst bendi ég á sögubækur, þ.e. bækur sem kenndar eru í mannkynssögu, þar má finna ýmislegt gáfulegt.

Til að hjálpa þér má nefna að hljómsveitin *The Beatles* olli miklum straumhvörfum í samfélaginu, skapaði ólgu í tískuheiminum, bæði í sambandi við föt og hár. Skoðu líka uppreisnir námsmanna í kringum 1968–70.

Pistill þinn á ekki að vera langur. Líttu heldur á verkefnið sem ögrun til að læra meira til að skilja betur allt það sem var að gerast á þessum tíma.

Þú þarft samt að ná vel niður eina síðu, *helst eina og hálfu*. En efnið skiptir mestu máli.

Gangi þér vel.